



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

**REYKJAVÍK, HOLA RV-41**


Borholurannsóknir

Ómar Bjarki Smárason, Helga Tulinius,  
Guðlaugur Hermannsson, Þorsteinn Thorsteinsson  
Jens Tómasson, Vigdís Harðardóttir

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-88026/JHD-02

Júlí 1988



**ORKUSTOFNUN**  
Jarðhitadeild

Verknr.:511111

## **REYKJAVÍK, HOLA RV-41**

Borholurannsóknir

Ómar Bjarki Smárason, Helga Tulinius,  
Guðlaugur Hermannsson, Þorsteinn Thorsteinsson  
Jens Tómasson, Vigdís Harðardóttir

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-88026/JHD-02

Júlí 1988

## ÁGRIP

Vatnafræðilega séð eru nán tengsl á milli holu RV-41 við Árbæ og 100-110°C heits vatnskerfis, sem liggur á um 500-1000 m dýpi á vinnslusvæðinu sunnan við Elliðaár. Samkvæmt hitamælingum virðist holan vera í nágrenni við uppstreymi 100-110°C heits vatns á 400-1400 m dýpi, en óvist er hvort hún sker uppstreymisrásina. Dýpi holunnar varð 1605 m, en botnfall nær upp í 1500 m dýpi og hruntappi er á um 1410 m dýpi.

Stærstu vatnsæðar holunnar eru á 440 m, 850 m, 890 m og 1380 m dýpi, en auk þess var æð á 1550 m dýpi. Í núverandi ástandi er afkastageta holunnar um 14-15 l/s.

Jarðlög holunnar eru svipuð og í öðrum holum á svæðinu. Basalthraunlög eru algengust niður á 325 m dýpi, en þar verða móbergsmyndanir ríkjandi niður á um 1000 m dýpi. Efsta móbergsmyndunin (M-1) er gerð úr ummynduðu móbergstúffi, sem gæti verið þakberg á 100-110°C heita jarðhitakerfinu. Lághitaummyndun er ráðandi í efstu 1050 m holunnar, en þar fer að bera á háhitaummyndun (klórít og epidót). Áberandi aukningar verður vart í viðnámi í jarðlögunum neðan við 1050 m dýpi.

## EFNISYFIRLIT

	Bls.
<b>ÁGRIP</b>	2
<b>1 INNGANGUR</b>	5
1.1 Borun holu RV-41	6
<b>2 MÆLINGAR</b>	8
<b>3 JARÐLÖG</b>	12
3.1 Yfirlit yfir jarðlög holu RV-41	12
3.2 Tenging við nálægar holor	14
<b>4 UMMYNDUN</b>	19
4.1 Dreifing ummyndunarsteinda	19
4.2 Ummyndun frumsteinda og glers	20
4.3 Ummyndunarbeltin	21
<b>5 JARÐHITAKERFIÐ VIÐ ELLIÐAÁR</b>	22
5.1 Vatnsæðar	23
5.2 Hiti	23
5.3 Samband við aðrar holor	24
5.4 Vatnsleiðni milli hola	25
5.5 Jarðfræðilíkan af Elliðaárvæðinu	28
<b>6 HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b>	31
<b>7 NIÐURLAG</b>	32
<b>HEIMILDIR</b>	33
<b>VIÐAUKI A</b> Jarðlagasnið og mælingar úr holu RV-41	35
<b>VIÐAUKI B</b> Viddarmæling úr holu RV-41	45
<b>VIÐAUKI C</b> Mælingar í holu RV-41	49
<b>VIÐAUKI D</b> Mælingar úr holum RV-29, RV-36, RV-37 á Elliðaárvæði, RV-39 og RV-41	53
<b>VIÐAUKI E</b> Einfaldað jarðlagasnið og mælingar í holum RV-29, RV-36, RV-37 og RV-39	55

## MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Staðsetning hola á Elliðaárvæði	5
2 Frágangur holu RV-41 við lok borunar	7
3 Tiðnidreifing kísilsýru í holu RV-41	8
4 Tiðnidreifing poruhluta í holu RV-41	9
5 a og b Logaritmísk tíðnidreifing viðnáms	9
6 Einfaldað jarðlagasnið og mælingar í holu RV-41	11
7 Tenging jarðлага milli hola RV-41, RV-37 og RV-36	17
8 Tenging jarðлага milli hola RV-41, RV-23, RV-30, RV-26, RV-39, RV-41 og RV-28	17
9 Tenging jarðлага milli hola RV-25, RV-28, RV-39, RV-29 og RV-36	18
10 Dreifing ummyndunarsteinda í holu RV-41	20
11 Lega ummyndunarbeta á Elliðaárvæði	21
12 Hitamæling 84.06.15, 26 dögum eftir að borun lauk	22
13 Hitamæling 84.10.18, 155 dögum eftir að borun lauk	23
14 Hitamæling 86.09.16, 849 dögum eftir að borun lauk	23
15 Vatnsborð hola RV-41 og RV-39, maí 1984 - mars 1985	25
16 Hækkun vatnsborðs 13. - 19. ágúst 1984	26
17 Lækkun vatnsborðs 11.-14. desember 1984	26
18 Hækkun vatnsborðs 16. - 19. júlí 1984	27
19 Jarðhitasvæðið við Elliðaár	29
20 Jarðfræðilíkan af Elliðaárvæðinu	30

## TÖFLUSKRÁ

1 Vidd og fóðringar í holu RV-41	6
2 Meðaltal viðnáms í einstökum jarðlagasyrpum í holum á Elliðaárvæði	15
3 Meðaltal poruhluta einstakra jarðlagasyrpa í holum á Elliðaárvæði	15
4 Helstu vatnsæðar í holu RV-41 eftir þrýstiprófun	24
5 Vatnsleiðni - áhrif milli hola	27

## 1. INNGANGUR


Hola RV-41 er staðsett við Árbæ (x-hnit: 17010,44 og y-hnit: 14937,62) og er holutoppurinn í 43,94 m y.s. (mynd 1). Megintilgangurinn með boruninni var að kanna útbreiðslu Elliðaárvæðisins til norðurs, hitaástand þess og vatnsgæfni.

Borun holunnar hefur verið gerð skil í tveimur áfangaskýrslum (Helga Tulinius o.fl., 1984; Ómar Bjarki Smárason o.fl., 1984b). Í þessari skýrslu er hins vegar gerð grein fyrir rannsóknnum á jarðögum og vatnskerfi holu RV-41 út frá þeim gögnum sem safnað var meðan á borun holunnar stóð. Þeir þættir sem skýrslan fjallar um eru einkum úrvinnsla borholumælinga, jarðög og ummyndun.

Sýnd er tenging jarðlaga holunnar við jarðlög nálægra hola og birt eru drög að jarðfræðilíkani af Elliðaárvæðinu. Vatnafræðilegum tengslum við nálægar holur eru gerð nokkur skil útfrá vatnsborðsmælingum og samanburði við vinnslu úr nærliggjandi holum.

Verkið var unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Verkefnistjórar voru Valgarður Stefánsson og Benedikt S. Steingrímsson, en Ómar Sigurðsson við lokaáfanga verksins.

Skýrslan var að mestu leyti unnin á árunum 1984 og 1985, en endanlega var gengið frá henni til útgáfu árið 1988.



*TAFLA 1 Vidd og fóðringar í holu RV-41*

Dýpi (m)	Stærð krónu (mm)	Gerð krónu	Bortæki	Utanmál fóðringar (mm)	Innanmál fóðringar (mm)
0-17	559	Hamar	Höggbor 6	473	
17-39	444	Hamar	- " -		
39-437	444	S-53	Dofri	340	318
437-1549	311	FP-62	- " -		
1549-1605	241	HPSM	- " -		


## 1.1 Borun holu RV-41

Hola RV-41 var forboruð með Höggbor 6 í 36 m dýpi miðað við yfirborð, eða í 39 m miðað við drifborð Dofra, sem er dýptarviðmiðun í þessari skýrslu. Höggborað var dagana 7. febrúar - 1. mars 1984 og tók það 19 verkdaga. Borun holunnar hófst síðan 27. mars og lauk 20. maí 1984. Vann Dofri verkið og lauk því á 39 verkdögum (tafla 1).

Talsverðar tafir urðu í borun vegna skápmundana og hruns. Steypt var í stóra kafla í holunni til að unnt væri að halda borun áfram og eru steyptu kaflarnir frá fóðringu (437 m) og niður í 695 m dýpi og frá 1004 m í 1185 m dýpi (myndir 2 og 6). Borun var hætt í 1605 m dýpi þegar ekki náðist lengur að skola upp svarfi. Eins og sést á víddarmælingum í Viðaukum A og B, eru nokkrir stórir skápar neðan við 900 m dýpi, sem skýra erfiðleika í síðari hluta borunar. Holan var fóðruð með 13 3/8" (340 mm) rörum í 437 m.

JHD-BJ-III-OBS  
84.07.0830.1S

### HOLA RV-41, REYKJAVÍK



MYND 2 Yfirlit yfir holu RV-41

## 2. MÆLINGAR

Í áfangaskýrslum um borun holu RV-41 (Helga Tuliníus o.fl., 1984; Ómar Bjarki Smárason o.fl., 1984b) eru töflur og myndir yfir þær mælingar sem gerðar voru meðan á borun stóð og við þrýstiprófanir í lok borunar. Síðan hafa verið gerðar þrjár hitamælingar til að fylgjast með upphitun holunnar og ein víddarmæling (Viðaukar C og D).


Þegar fyrsta hitamælingin var gerð (84.06.15) var jafnframt víddarmælt, til að athuga hvort vídd holunnar hefði breyst við þrýstiprófanirnar. Víddarmælingin er birt í Viðauka B (heildregna línan) ásamt jarðlagasniði og víddarmælingu sem gerð var við lok borunar (brotna línan). Efri hluti holunnar hafði lítið breyst milli mælinganna, en skáparnir neðan við 1250 m höfðu stækkað talsvert. Síðari mælingin náði niður á hruntappann í 1411 m. Í áfangaskýrslunum voru jarðlagamælingarnar birtar nokkurn vegin eins og þær komu úr mælingarbílnum. Aðeins var búið að samræma dýptarkvarða þeirra og er dýpið miðað við drifborð Dofra. Í Viðauka A eru þessar mælingar birtar aftur ásamt leiðréttu jarðlagasniði og einnig eru vatnsæðar og vísbendingar um vatnsæðar merktar inn á myndina.

Gammamælingin hefur verið leiðrétt fyrir vídd og reiknuð yfir í kísilsýru ( $\text{SiO}_2$ ; Valgarður Stefánsson o.fl., 1982). Mynd 3 sýnir tíðnidreifingu kísilsýru í jarðögum holunnar. Dreifingin nær frá 44-55%, og er meðaltalið  $49,0 \pm 1,8\%$ . Þetta gefur góða hugmynd um breytingar í kísilsýruinnihaldi bergsins, en til að fá nákvæmari gildi þarf að efnagreina bergsýni úr holum í Reykjavík og kvarða mælingarnar betur.

Nifteindamælingin hefur einnig verið víddarleiðrétt og reiknuð yfir í poruhluta. Það sem hér er kallað poruhluti er í raun allt vatn í berginu bæði bundið (einkum í ummyndunarsteindum) og óbundið (í blöðrum og sprungum). Poruhlutinn reiknaður út frá nifteindamælingum gefur því yfirleitt hærra gildi en vatn í porum gefur tilefni til. Tiðni-

JHD.BM.1111.HTu1  
85.02.0319 T

REYKJAVÍK HOLA RV-41



MYND 3 Tiðnidreifing kísilsýru í holu RV-41

dreifing poruhlutans er birt á mynd 4 fyrir dýptarbilið 440-1505 m. Þar fyrir ofan er holan boruð með 444 mm krónu, sem er of vítt til að hægt sé að víddarleiðréttu nifteindamælingarnar. Einn tvískiptur toppur er við 16-24% og nær dreifingin yfir bilið 0-48%. Meðal poruhluti yfir þetta dýptarbil er  $20,6 \pm 7,2\%$ . Þetta virðist nokkuð hátt, en er í góðu samræmi við mælingar á poruhluta borkjarna úr holu NJ-17 á Nesjavöllum (Benedikt Steingrímsson, 1987).


Viðnámsmælingar eru birtar í Viðauka A eins og þær birtust í áfangaskýrslum (Helga Tuliníus o.fl. 1984; Ómar Bjarki Smárason o.fl. 1984). Logaritmisk tíðnidreifing viðnámsmælinganna er sýnd á myndum 5a og 5b, fyrir 16" og 64" viðnám. Þar sést að bilið í dreifingunni nær frá 0 (1 Ohmm) og upp í 2,9 (794 Ohmm). Meðaltöl viðnámannna eru mjög lík eða  $1,63 \pm 0,54$  ( $42,7 \pm 3,5$  Ohmm) fyrir 16" viðnámið og  $1,67 \pm 0,53$  ( $46,8 \pm 3,4$  Ohmm) fyrir 64" viðnámið, sem bendir til þess að þau séu lítið trufluð af vídd holunnar.

Til að fá yfirlit yfir breytingar í mæligildun-


 JHD.BM.1111.HTu1  
85.02.0318 T

 JHD.BM.1111.HTu1  
85.02.0321 T

REYKJAVÍK HOLA RV-41 440-1505m




REYKJAVÍK HOLA RV-41



MYND 4 Tíðnidreifing poruhluta í holu RV-41

 JHD.BM.1111.HTu1  
85.02.0320 T

REYKJAVÍK HOLA RV-41



MYND 5b Logaritmisk tíðnidreifing viðnáms (64'')

hluta og viðnáms birtar á mynd 6 ásamt einfölduðu jarðlagasniði, vatnsæðum og vísbindingum um vatnsæðar í holunni. Mælingarnar eru einfaldaðar á þann hátt að tek-ið er 50 m hlaupandi meðaltal (þrýhrnings-laga). Við það síast út allar breytingar í mælingunum sem ná yfir minna en 50 m dýptarbil.

Til að auðvelda samanburð á holu RV-41 við aðrar holur á Elliðaárvæðinu, var unnið úr helstu jarðlagamælingum sem til voru úr öðrum holum á svæðinu og þær einfaldaðar á sama hátt og fyrir holu RV-41. Í Viðauka D er yfirlit yfir þessar mælingar ásamt dagsetningu mælinga og dýptarbilum sem þær taka til.

Á mynd 6 er sýnt einfaldað jarðlagasnið og mælingar ásamt vatnsæðum í holu RV-41. Til samanburðar eru birtar samskonar myndir fyrir holur RV-29, RV-36, RV-37 og RV-39, í Viðauka E. Reiknuð meðalgildi fyrir poruhluta og kísilsýruinnihald eru sýnd á myndunum sem brotnar línar í gegnum ferlana.

MYND 5a Logaritmisk tíðnidreifing viðnáms (16'')

um með dýpi, og mismun milli einstakra jarðlagaeininga (syrpna) eru einfaldaðar mælingar reiknaðrar kísilsýru ( $\text{SiO}_2$ ), poru-

Breytinga í jarðlagamælingum milli einstakra jarðlagasyrpa er getið í samantekt um jarðlög holunnar í kafla 3. Smærri breytingar milli einstakra jarðлага eru sýndar í Viðauka A. Það helsta sem lesa má úr jarðlagamælingunum er í stuttu máli þetta:


- 1) Engir markverðir toppar sjást í kísilsýru, sem er í samræmi við það að engin ísúr eða súr lög hafa fundist í holunni. Þó sjást stöku smáir toppar (50-55% SiO<sub>2</sub>) á mótum nokkurra hraunlaga og í grennd við innskot í móbergstúffi. Skýringar á hærra reiknuðu gildi kísilsýru í móberginu er helst að leita í ummyndun, þar sem geislavirk frumefni hafa náð að safnast saman í ríkari mæli en annars staðar. Þó er hugsanlegt að ísúr eða súr öskulög valdi þessu í sumum tilvikum, a.m.k. þar sem um setlög er að ræða.
- 2) Poruhluti bergsins er mjög breytilegur (mynd 6 og Viðauki A). Beint samband virðist ekki vera milli berggerðar og reiknaðs poruhluta, nema þá helst að hann er lágor í innskotslögum. Á einfölduðu mælingunni kemur fram toppur rétt ofan við 600 m. Hugsanlega gætir þar áhrifa steypingar í skáp.
- 3) Í viðnámsmælingunum sést að viðnámið er lægst í 370-1050 m, sem bendir til meiri poruhluta og hærri hita þar en í öðrum hluta holunnar. Í efstu 370 m holunnar er viðnámið hins vegar hátt, væntanlega vegna lágs hita í berginu. Neðan við 1050 m hækkar viðnámið skyndilega og virðist fara hækkandi með dýpi. Þó mælist lágt viðnám við innskotin. Þetta bendir til þess að við innskotin, sem væntanlega eru gangar, séu vatnsgengar sprungur. Um hækkun viðnáms neðan við 1050 m er það helst að segja, að þar verður vart skyndilegrar breytingar í ummyndun, þar sem háhitasteindirnar epidót og klórít fara að sjást (mynd 10).

Í töflum 2 og 3 eru sýnd meðalgildi viðnáms og poruhluta fyrir einstakar jarðlagasyrpur í nokkrum holum á Elliðaárvæðinu. Þar sést að viðnámið er hátt ofan til í jarð-

lagastaflanum, en lækkar niður að móbergs-mynduninni M-1 og helst lágt til og með M-3, en fer þá aftur hækkandi. Þetta er í góðu samræmi við hitaástand og vatnsgæfni svæðisins, þar sem vatnsvinnsla úr svæðinu er að mestu bundin við þetta dýptarbil. Athyglisvert er hve hátt viðnám er í ísúru hraunlagasyrpuni en það endurspeglar þéttleika þeirrar berggerðar, þrátt fyrir þykkan gjallkarga í þessum lögum.

JHD-BM/BJ-1111-HTu1/0BS  
85.02.248 GuH/T

REYKJAVÍK HOLA RV-41  
EINFALDAÐ JARDLAGASNÍÐ OG MÆLINGAR



#### *MYND 6 Einfaldað jarðlagasnið og mælingar í holu RV-41*

### 3. JARÐLÖG

Jarðögum holu RV-41 er skipt í mismunandi berggerðir eftir últiti í sterósmásjá (víðsjá). Bergið er flokkað í þóleit (fíndeðalkorna basalt), ólivín-þóleit (méðalgrófkorna basalt), dólerít (grófkorna basiskt innskotsberg), glerjað basalt (bólstraberg), basaltbreksíu (pursaberg), túff, ísúrt berg, og setberg. Ennfremur er gerður greinarmunur á fersku og ummynduðu bergi.

Basalt er samheiti yfir basískar bergtegundir, sem hafa lágt kísilsýruinnihald (45-52% SiO<sub>2</sub>). Basaltið kemur fyrir í hraunögum og innskotum (göngum). Oft er erfitt að greina hvort um er að ræða hraunlög eða ganga, en gangarnir eru þó yfirleitt gerðir úr ferskara og þéttara bergi en hraunlögin. Dólerít er grófkorna innskotsberg, sem kólnað hefur hægt og náð að mynda stóra kristalla (plagióklas, pyroxen, ólivín og málmoxíð).

Mörkin milli glerjaðs basalts og basaltbreksíu eru ekki alltaf skýr, en munurinn er helst sá að glerið í basaltbreksíu er túffkennt. Basaltbreksian er því einskonar sambland af basalti og túffi, þar sem svarfkornin eru að hluta kristallað basalt og túff. Hlutur glers í glerjuðu basalti er minni en í basaltbreksíu.

Berggerðin túff er berg, sem kólnað hefur hratt sem blöðrött gler. Algengast er að túff-ið sé basískt móberg, en einnig koma fyrir ísúrt og súrt túfflög. Þau síðast nefndu finnast einkum sem þunn ösku- eða vikurlög á milli hraunlaga eða í setlögum. Móbergið myndar gjarnan hrúgöld eða hryggi umhverfis eldstöðvar (gosmóberg), eða móbergsset þegar móbergshrúgurnar rofna.

Glerjað basalt, basaltbreksíu og túff má oft flokka saman í eina heild í jarðlagastafla og nefnist þá móbergssmyndun eða móbergssyrpa. Glerjaða basaltið er þá bólstraberg, basaltbreksian þursaberg (sambland af basalti og túffi) og túffið móbergstúff.

Ísúrt og súrt berg (SiO<sub>2</sub> >52%) kemur

sjaldan fyrir í jarðögum utan megineldstöðva. Það er því fremur sjaldgæft á lághitasvæðum, nema þar sem lághitakerfin eru í eða við kulnaðar megineldstöðvar. Pannig háttar einmitt til í Reykjavík, enda finnst nokkuð af ísúru (52-66% SiO<sub>2</sub>) og súru (>66% SiO<sub>2</sub>) bergi neðan við 1500 m í borholum á Laugarnes- og Elliðaárvæðum (Guðmundur Ómar Friðleifsson o.fl., 1985a; Ómar Bjarki Smárason o.fl., 1984b). Ísúra bergið er yfirleitt dökkt dulkorna og þétt, en súra bergið er gjarnan gulbrúnt að lit og oft glerjað og dílótt. Aukin ummyndun gefur súra bergenin ljósari lit.

#### 3.1 Yfirlit yfir jarðlög holu RV-41

Jarðögum í holu RV-41 var lýst í áfangaskýrslum yfir borun holunnar (Helga Tulinius o.fl., 1984; Ómar Bjarki Smárason o.fl., 1984b). Þar var jarðögunum skipt upp í 17 myndanir til þess að síðar yrði auðveldara að skipta jarðögunum í syrpur til samræmis við það sem finnst í nálægum holum. Syrupskiptingin sem hér er birt er byggð á skiptinguunni sem sett er fram í skýrslu um höfuðborgarsvæði (Jens Tómasson o.fl., 1977). Þar var basaltsyrpum (hraunlagasyrpum) gefin númer frá B-1 til B-5 og móbergssyrpum M-1 til M-3, þar sem númerin hækka eftir því sem neðar dregur í jarðlagastaflann.

Talsvert er af þunnum setlögum í jarðlagastaflanum á Elliðaárvæðinu. Yfirleitt er auðvelt að tengja setsögin í efti hluta jarðlagastaflans á milli hola. Þetta verður hinsvegar erfiðara eftir því sem neðar dregur, þar sem þau virðast nokkuð breytileg að gerð, þykkt og útbreiðslu.

Í þessari skýrslu eru innskot ekki talin sem sérstakar syrupur, þar sem þau skjótast inn í jarðlagastaflann og eru því yngri en jarðlögum sem þau finnast í. Því virðist eðlilegast að gera grein fyrir jarðögum og innskotum sitt í hvoru lagi, sérstaklega ef innskotin eru lóðrétt þil (gangar) sem ekki rugla jarðlagaskipan svæðisins.

Jarðlög holu RV-41 eru sýnd í Viðauka A á-

samt vatnsæðum, borhraða, reiknaðri kísilsýru ( $\text{SiO}_2$ ), reiknuðum poruhluta og mældu viðnámi. Jarðlagasniðið hefur verið lagfært lítillega frá því sem birtist í áfangaskýrslunum. Einfaldað jarðlagasnið og samanteknar mælingar (reiknuð kísilsýra, reiknaður poruhluti og viðnám) í holu RV-41 eru sýnd á mynd 6 og tenging á jarðlagasyrpum á milli hola (RV-41, RV-39, RV-37, RV-36 og RV-29) er sýnd á myndum 7-9. Lýsing á jarðlagasyrpum holunnar fer hér á eftir.

**Laus jarðög, 4-11 m dýpi:** Efsta jarðlag holunnar er 2,5 m þykkt jarðvegslag, en undir því er um 8,5 m þykkt völubergslag sem líklega er jökulruðningur.

**Basaltsyrpa 1 (B-1), 11-69 m dýpi:** Efsta basaltsyrpa holunnar er gerð úr grófkorna ólivínbóleíti. Lögin eru yfirleitt grá að lit, og oft nefnd Reykjavíkurgrágrýti. Á 30-40 m dýpi er dílabasaltlag sem gæti nýst sem leiðarlög í efri hluta grágrýtisins. Viðnám í lögum syrpunnar er hátt.

**Elliðavogssetið, 69-80 m dýpi:** Neðan við grágrýtið er setlag, sem fram kemur í flestum holunum á Elliðaárvæðinu. Það er um 11 m þykkt í holu RV-41 og virðist að mestu gert úr völubergi, en einnig sést í því leirsteinn og sandsteinn. Viðnámið í setinu er allnokkru lægra en í lögnum í kring, en litlir breytingar sjást í öðrum mælingum.

**Basaltsyrpa 2 (B-2), 80-324 m dýpi:** Basaltsyrpa 2 einkennist af þóleiíthraunlögi með nokkrum þunnum setlögum. Sum þóleiíthraunlögin eru meðalkorna og einskonar millistig milli ólivínbóleíts og þóleiíts. Í efri hluta syrpunnar eru hraunlögin fersk en ummyndunar fer að gæta við setlagið í 160 m dýpi.

Setlögini í syrpu B-2 nýtast sum hver sem leiðarlög á Elliðaárvæðinu, eins og t.d. setlögini í 120 m og 160 m dýpi og e.t.v. líka lagið í 220 m dýpi, þó það komi ekki skýrt fram í holu RV-41. Setlagið í 120 m dýpi er gulbrúnt að lit og túffkennt, en lagið á 158-167 m dýpi er úr völubergi. Setlögini hafa

nokkru lægra viðnám og hærri poruhluta en hraunlögin í kring.

**Móbergssyrpa 1 (M-1), 324-365 m dýpi:** Þetta er efsti hlutinn af móbergssyndunum, sem samanstanda af M-1, B-3 og M-2. Í holu RV-41 kemur M-1 fram sem tvö túfflög, sem aðskilin eru af þunnu basaltlagi á 340-344 m dýpi. Túffið er nokkuð ummyndað, þó talsvert sé í því af fersku gleri. Blöðrur í því eru fylltar zeólítum (mesólít/skólesít). Viðnámið í túffinu er allhátt, en lægra í basaltlaginu.

**"Basaltsyrpa" 3 (B-3), 365-465 m dýpi:** Á þessu dýptarbili eru basaltbreksía, glerjað basalt og ólivínbóleíti. Stærsti hluti syrpunnar er líklega bólstraberg, úr 390 m í 445 m, en þar fyrir neðan er basaltbreksía. Af þessari upptalningu er ljóst, að hér er um móbergssyrpu að ræða. Hins vegar var þessi syrpa kölluð B-3 í skýrslu Jens Tómassonar o.fl. (1977) og er sú nafngift látin halda sér hér til að forða ruglingi. Viðnám bergsins í B-3 er lágt (meðaltal 10 Ohmm, tafla 2), sem bendir til þess að það sé gropið og heitt.

**Móbergssyrpa 2 (M-2), 465-666 m dýpi:** Neðsti hluti móbergssyrpunnar einkennist af túffkenndri breksíu og nokkrum basaltlögi. Nokkur þunn fínkorna innskot (gangar) skera syrpuna. Við innskotið í 575-580 m er ljóst ummyndað túff. Þar myndaðist stór skápur í borun og var ljós dreif í svarfinu þaðan og niður í 850 m, en er því dýpi var náð var steypit í skápana. Viðnámið í M-2 er að meðaltali 13 Ohmm og poruhlutinn tær 25% (tafla 3).

**Basaltsyrpa 4 (B-4), 666-838 m dýpi:** Basaltsyrpa þessi einkennist af lítillega ummynduðu þóleiítbasant. Neðan til í syrpunni eru ólivín-þóleiít hraunlög. Lítið er um setlög í syrpunni. Nokkur þunn innskot (gangar) úr fersklegu þóleiíti finnast í neðri helmingi syrpunnar, og þunnar innskotsæðar neðan við 810 m. Jarðlagamælingar gefa til kynna að viðnámið í lögum þessarar syrpu sé fremur lágt (28 Ohmm) og poruhlutinn

er sömuleiðis lágur (18%; tafla 2).

**Móbergssyrpa 3 (M-3), 838-1018 m dýpi:** Efri mörk Móbergssyrpu 3 eru við túfflagið í 838 m, en neðri mörkin við botn ólivínþóleiítsins (bólstrabergsins) í 1018 m. Syrapan er nokkuð lagskipt með miklu af basalti, glerjuðu basalti og basaltbreksiu en litlu túffi. Tiðni innskota (ganga) er mikil í syrpunni og eru þau flest úr fersklegu grófkorna ólivínþóleiíti og dóleríti en sum úr fersklegu þóleiíti. Ólivínþóleiíti í neðri hluta syrpunnar er líkast til bólstraberg.

Viðnámið í jarðlögum Móbergssyrpu 3 er fremur lágt (tafla 2), en hærra í innskotunum. Poruhluti bergsins er allhár í neðri helmingi syrpunnar, en lækkar á móts við innskotin í 940 m (mynd 6, tafla 3 og Viðauki A).

**Basaltsyrpa 5 (B-5), 1018-1605 m dýpi:** Neðsta syrpa holunnar er að mestu gerð úr ummynduðum basískum hraunlögum. Þau eru að mestu fin-meðalkorna þóleiít. Nokkur setlög koma fyrir í syrpunni, flest þunn. Þykkust er basaltbreksian á 1147-1177 m, sem nota má sem leiðarlag milli nokkurra hola á svæðinu. Hlutur setlaga í þessari syrpu er ekki eins mikill í holu RV-41 og í holum RV-37 og RV-39, en svipaður og í holu RV-36 (sjá myndir 7-9).

Talsvert er um þunna ganga í syrpunni, en lítið um samfelld innskot nema e.t.v. í neðsta hluta holunnar úr 1565 m í 1605 m. Viðnám jarðlaga þessarar syrpu er hátt (tafla 3), en mjög breytilegt (mynd 6). Það er lægra þar sem innskot (gangar) skera holuna, sem bent getur til vatnsleiðni við þau. Poruhluti jarðlaganna er frekar lágur, eða svipaður og í syrpu B-4 og M-3 (tafla 3, mynd 6 og Viðauki A).

### 3.2 Tenging við nálægar holur

Jarðlögum í borholum á Elliðaárvæði hefur verið skipt í basaltsyrpur (B-1 til B-5) og móbergssyrpur (M-1 til M-3), (Jens Tómasson o.fl., 1977). Jarðlög holu RV-41 falla nokkuð vel að þessari skiptingu, og sama

virðist um holur RV-36, RV-37 og RV-39, sem allar eru boraðar eftir að skýrsla Jens Tómassonar o.fl. (1977) kom út. Nýrri holurnar eru dýpri en þær sem boraðar voru fyrir 1977, og hefur því bætst við vitneskja um jarðlagabyggingu svæðisins, sem því nemur. Viðbótin er ísúra hraunlagasyrpa og ein basaltsyrpa (B-6). Ísúra syrpan finnst í þremur dýpstu holunum (RV-36, RV-37 og RV-39). Hún er um 100 m þykk og finnst á 1800-2000 m dýpi. Ísúru lögin koma skyrt fram í gammamælingum (sjá Viðauka E) og eru auðþekkt í þunnsneiðum, en erfitt getur hins vegar verið að greina þau í smásjá, sérstaklega ef bergið er mikið ummyndað. Ísúra hraunlagasyrpan er líklega sama syrapan og sú sem finnst á um 1500 m dýpi í holum RV-34, RV-35 og RV-40 á Laugarnesvæði (Guðmundur Ómar Friðleifsson o.fl., 1985a og b; Árný Erla Sveinbjörnsdóttir o.fl. 1985). Í þeim holum finnst súrt túff um 300 m neðan við ísúru hraunlagasyrpuna, líklega sama lagið og er neðst í holu RV-36 (sjá viðauka E og Ómar Bjarka Smárason o.fl. 1985b). Þetta þyðir að jarðlagahallinn á milli Laugarnessvæðis og Elliðaárvæðis er um 5° að meðaltali, sé ekki tekið tillit til misgenga í staflanum.

Tiðni innskota er nokkuð mismunandi í holum á Elliðaárvæðinu, sem bendir fremur til þess að þau séu lóðréttir gangar en samfelld lárétt innskot. Í holu RV-32 (mynd 1) er þó talið vera nær samfellt dólerít innskot frá 670 m í 1140 m (líklega þykkir laggangar), og slitrótt þar fyrir neðan niður í botn holunnar á 1360 m. Hugsanlegt er þó að borað hafi verið niður eftir berggangi. Einu vatnsæðar holunnar eru á 310 m (5-7 l/s) og 1325 m (2-3 l/s). Innskotakaflinn er vatnsæðalaus. Í holu RV-33 er talsvert af dólerítinnskotum frá 810 m í 1245 m dýpi. Þar er talsvert af vatnsæðum á mótum innskota og grannbergs. Vatnsæðarnar gætu bent til þess að innskotin séu gangar fremur en lárétt innskotslög. Þó má e.t.v. ímynda sér að innskotin í holu RV-33 séu greinar úr innskotinu sem finnst í holu RV-32. Sama gildir um innskotin á 590-815 m í holu RV-24. Sú hola er að mestu án vatnsæða. Um jarð-

*Tafla 2 Meðaltal viðnáms í einstökum jarðlagasyrpum í holum  
á Elliðaársvæði. Viðnám er mælt í Ohmm*

	RV-41	RV-39*	RV-37	RV-36	RV-29	Meðalt.	Athugas.
B-1	442	208				325	Hátt
Elliðavogsset	138	42,7				90	
B-2a	106	66,2			12,9	62	
Set	100	64,5			4,6	56	
B-2b	92,1	56,1		38,9	12,2	50	
M-1	64,5	11,4		24,5	0,9	25	Lágt
B-3	10,0	-		11,9	0,7	8	Lágt
M-2	13,3	-	13,6	8,1	7,5	11	Lágt
B-4	27,9	-	25,6	38,9	36,1	32	Lágt
M-3	30,0	-	23,2	36,0	19,4	27	Lágt
B-5	164	80,1	38,2**	153	86,2	104	
íslurt		208		622		415	Hátt
B-6		91,5		385		239	Hátt

\* 16" viðnám, (önnur eru 64")

\*\* í 1400 m dýpi

*Tafla 3 Meðaltal poruhluta einstakra jarðlagasyrpa  
í holum á Elliðaársvæði (%)*

	RV-41	RV-39	RV-37	RV-36	RV-29	Meðalt.	Athugas.
B-1							
Elliðavogsset							
B-2a					21,5	22	
Set					24,7	25	Hár
B-2b				8,7	21,4	15	
M-1				23,5	35,2	29	Hár
B-3	27,8	-		9,6	21,3	20	
M-2	24,6	-	9,2	14,8	22,3	18	
B-4	18,4	-	6,0	7,8	25,9	15	
M-3	19,0	-	8,9	11,7	27,7	17	
B-5	20,0	17,3	8,1	6,7	23,2	15	
íslurt		17,6	7,9	14,1		13	
B-6		14,5	6,0	18,2		13	

lög og vatnsæðar í þessum holum vísast í Jens Tómasson o.fl. (1977).

Tengingar á jarðlagasyrpum milli nokkurra hola á Elliðaársvæði eru sýndar á myndum 7-9. Jarðlagasyrpurnar eru veruleg einföld-

un á jarðlagagerðinni, þar sem þeim er einungis skipt í móbergssyrrup og basaltsyrrup. Í einstaka tilvikum eru setlög látin skipta syrrum, ef þau finnast víða og breytinga verður vart í jarðlögum um þau.

Eins og sést á myndum 7-9, er tenging jarðlagasyrpa misauðveld á milli hola, einkum fyrir móbergssyrpurnar í efstu 1000 metrunum. Líklegasta skýringin á þessu er breytileiki móbergssyrpanna, þar sem magn basalts og túffs getur verið mismikið frá eum stað til annars innan sömu myndunar. Mestra frávika verður vaart í holum RV-25 og RV-28.

Á myndum 7-9 er auk jarðlagasyrpanna sýnt hvar helstu vatnsæðar einstakra hola liggja. Þar sést að mest er um stórar vatnsæðar á 500-1000 m dýpi og að algengt er að þær séu á mótum basalt- og móbergssyrpa, þó ekki sé það reglan.


Á sniði A-A' (myndir 7 og 19) eru sýndar tengingar á jarðlagasyrpum milli hola RV-41, RV-37 og RV-36. Jarðlög holanna eru mjög svipuð og í góðu samræmi við 5° SAlægan halla þeirra. Helsti munurinn milli holanna er í B-3, sem virðist breksíu- og túffkenndara í holu RV-41 en í hinum holunum. (Ef hola RV-41 yrði dýpuð má búast við að skera ísúru hraunlagasyrpuna á 1800-1900 m dýpi).

Snið B-B' (myndir 8 og 19) sýnir hvernig hola RV-41 tengist holum RV-23, RV-30, RV-26, RV-39, RV-31 og RV-28. Þokkaleg samsvörun er milli jarðlaga flestra holanna, nema hvað hola RV-28 virðist hafa nokkra sérstöðu vegna þess hve lítið finnst í henni af móbergstúffi og breksíu milli M-1 og M-3. Helsti munur milli hinna holanna liggur í mismunandi magni túffs og breksíu í móbergssyrpum M-1, B-3, M-2 og M-3. Ennfremur er athyglisvert að minna er um vatnsgæfar æðar á 500-1000 m dýpi í holu RV-41 en holunum sem næst henni liggja. Þetta bendir til þess að ekki séu bein lárétt tengsl milli holanna eftir ákveðnum jarðlögum á þessu dýptarbili.


Snið C-C' (myndir 9 og 19) sýnir tengingar milli holanna á sunanverðu Elliðaárvæðinu í A-V sniði. Auðvelt er að tengja saman holur RV-29, RV-36 og RV-39, en holur RV-25 og RV-28 hafa nokkra sérstöðu, þar sem óvenju mikið er af móbergi í þeirri fyrrnefndu en lítið í þeirri síðartöldu. Athyglis-

vert er að M-1 liggur nokkru hærra í holu RV-25 en í holu RV-28. Þetta mætti skýra með 30-50 m misgengi með falli að austanverðu, þó hugsanlegt sé að skýra þetta með 15° austlægum halla á jarðlögunum. Freistandi er að skýra þetta með misgengi, þar sem lítils halla verður vart í tengingum milli annara hola innan Elliðaárvæðisins og yfir á Laugarnessvæði. Misgengi milli þessara hola gæti verið skýring á vatnspéttu þili, sem sýnt er á mynd 19 (Jens Tómasson o.fl., 1977, mynd 6.5.1). Lega vatnspéttu þilsins er byggð á vatnafræðilegum athugunum á holunum, en þær sýna að léleg vatnsleiðni er milli RV-25 og annara hola á svæðinu neðan 400 m dýpis. Hola RV-41 er um 60 m frá þessu þili, sé lega þess á mynd 19 rétt. Ef stærsta vatnsæð holunnar (á 1380 m) er tengd þessu misgengi, þá hallar því 87-88° SA (þ.e. 2-3° frá lóðlínus).


Hitamælingar í RV-41 benda til þess að holan sé í nágrenni við uppstreymi á 100-110°C heitu vatni á dýptarbilinu 400-1400 m. Í einfaldaða jarðfræðilíkaninu af Elliðaárvæðinu (mynd 20) er leitt að því getum, að uppstreymisrásin sé tengd misgengi eða gangi (vatnspéttu þili) sem nær upp í um 400 m dýpi. Talið er líklegt að hola RV-41 liggi nálægt uppstreyminu, en líklega sker hún það ekki, ella hefði mátt búast við meira skoltapi í borun. Í fyrstu dælingu niður fyrir pakkara á 954 m dýpi opnaðist holan um tíma (Ómar Bjarki Smárason o.fl., 1984b, bls 18). Eftir það var vatnsæðin á 1380 m stærsta æð holunnar. Af þeim gögnum sem nú liggja fyrir, má telja nokkrar líkur á því að opnast hafi æð úr holunni út í uppstreymisrásinu í dælingunni undir pakkarnann, og jafnframt að holan liggi nálægt þeirri rás, en skeri hana ekki.



MYND 7 Tenging jarðlaga milli hola RV-41, RV-37 og RV-36



MYND 8 Tenging jarðlaga milli hola RV-41, RV-23, RV-30, RV-26, RV-39, RV-31 og RV-28



MYND 9 Tenging jarðlaga milli hola RV-25, RV-28, RV-39, RV-29 og RV-36

## 4. UMMYNDUN

Ummyndunarsteindir voru greindar í smásjá, þunnsneiðum og með röntgen diffraktion aðferð (XRD). Dreifing þeirra er sýnd á mynd 10. Vegna skápmándana í borun, voru svarfsýni úr holunni talsvert blönduð og ber dreifing steindanna vafalaust nokkurn svíp af því. Þetta á þó ekki að hafa áhrif á efri mörk hverrar steindar, en getur valdið því að steindir hafi vaskast úr efri hluta holunnar og blandast sýnum af jarðlögum neðar úr holunni.

Lághitaummyndun (zeolítar og smektít) er ríkjandi niður á 1050 m en þar fer að bera á háhitaummyndun (klórít og epidót). Af samanburði við áður birt gógn um myndunarhita nokkurra ummyndunarsteinda (Hrefna Kristmannsdóttir 1975) virðast zeolítarnir og smektít í jafnvægi við það hitaástand sem nú ríkir í holunni (myndir 10 og 13).

### 4.1 Dreifing ummyndunarsteinda

Dreifing ummyndunarsteinda er sýnd á mynd 10. Opall og kalsedon finnast nær samfellt úr 45 m í 220 m og slitrótt þaðan niður í 380 m dýpi. Ennfremur finnst kalsedon með kvarsi í þunnsneið úr sýni af 722 m dýpi.

Kabasít er greint í setlaginu á 70-80 m dýpi, en er fyrst algengt á um 120 m dýpi og finnst samfellt niður í 400 m, og slitrótt niður á 550 m dýpi.

Tomsonít finnst á 135-220 m dýpi og í smásjá í einu sýni af 412 m, þar sem tomsonít-kúla situr á kabasíti.

Analísím er ekki áberandi í þessari holufremur en í öðrum holum í Reykjavík. Líklega er það þó til staðar frá 220 m í 430 m dýpi og trúlega er dreif af því niður í 720 m. Analísím kom ekki fram í röntgengreiningu.

Mesólít og skólesít sést nokkuð samfellt í víðsjá og þunnsneiðum úr 220 m niður í 425 m dýpi. Þetta fékkst þó ekki staðfest

með röntgengreiningu.

Mordenít finnst úr tæpum 400 m niður á um 1550 m dýpi. Það virðist nokkuð samfellt á dýptarbilinu 500-650 m.

Heulandít finnst nokkuð samfellt úr 370 m í 860 m.

Stilbít er til staðar nokkuð samfellt úr 370 m í 950 m dýpi og dreift þaðan í 1100 m, og e.t.v. alla leið niður á 1400 m dýpi (ein þunnsneið).

Kalsít greindist í setlögum í efri hluta holunnar, en það verður áberandi á 370 m, og finnst samfellt þaðan niður í botn holunnar.

Kvarz verður fyrst vart á 470 m dýpi, og finnst það samfellt niður á 1000 m, en slitrótt þaðan til botns á 1605 m dýpi.

Laumontíts verður fyrst vart á 850 m dýpi í smásjá og greinist í þunnsneið á 862 m. Það finnst samfellt úr 900 m niður á botn í 1605 m.

Efri mörk epidóts eru á 1060 m dýpi, og verður þess vart í flestum sýnum þaðan og niður á botn holunnar. Það er þó sjaldan í miklu magni. Epidótið er talið vera leifar frá því að háhitaummyndun var við lýði á svæðinu. Það finnst gjarnan með klóríti.


Prehnít var greint í þunnsneiðum af 1106 m og 1158 m dýpi.

Pýrit finnst dreift úr 410 m niður í botn holunnar á 1605 m dýpi.

Til þessa hafa 22 leirsýni úr holunni verið greind í röntgen. Í stórum dráttum má skipta leirnum í 3 flokka, 1) smektít (brúnt), 2) blandlagsleir, 3) klórít (grænt). Á mynd 10 sést að smektít og blandlög eru ráðandi á 300-1000 m dýpi, en klórít þar fyrir neðan.

STAPI-1111-08S  
88.07.0429-T

## REYKJAVÍK HOLA RV-41



MYND 10 Dreifing ummyndunarsteinda í holu RV-41.  
Greiningaraðferðir: o: viðsjá; +: smásjá; x: XRD.  
Svigi þýðir nokkrá óvissu í greiningu.

## 4.2 Ummyndun frumsteinda og glers

Í þunnsneiðagreiningunni var ummyndun frumsteinda og glers athuguð og holufyllingar greindar. Í ljós kom, að í bergi sem sagt er fersklegt á jarðlagasniðunum er gler og olívín lítið ummyndað, og plagíoklas og

pyroxen ferskur. Í ummyndaða bergen er gler og olívín að mestu horfið og pyroxen byrjaður að ummyndast. Þessa fer að gæta við setlagið á 160 m. Ummyndun á plagíoklas fer að sjást í hraunlögnum á um 500 m dýpi. Hann er þó hvergi mjög ummyndaður í þessari holu.

### 4.3 Ummyndunarbeltin

Í stórum dráttum er hægt að skipta ummyndun jarðlaga í holu RV-41 í þrjú afmörkuð zeolíta-belti (myndir 10 og 11). Þau eru ofan frá talið: 1) Kabasít-belti (75-375 m dýpi). 2) stilbít/heulandít-belti (375-850 m dýpi og 3) laumontít-belti (neðan við 850 m). Petta er svipuð beltaskipting og fram kemur í öðrum holum á höfuðborgarsvæðinu (Hrefna Kristmannsdóttir og Jens Tómasson, 1976, Jens Tómasson o.fl. 1977, mynd 6.1.5). Lega ummyndunarbeltanna er hins vegar nokkuð breytileg og ræðst hún af hitastigi í nánasta umhverfi hverrar holu.


Kennisteindir zeólítabeltanna þriggja sem nefndar eru hér að framan eru taldar myndaðar við lægra hitastig en 200°C. Talið er að kabasít byrji að myndast við um 70-80°C, stilbít/heulandít við um 90°C og að laumontít myndist við 105-200°C (Hrefna Kristmannsdóttir og Jens Tómasson, 1976; Hrefna Kristmannsdóttir, 1975; 1979; Liou, 1971).

Nokkuð ber á steindum í holu RV-41 sem rekja má til háhitaummyndunar við yfir 230°C. Pessar steindir eru klórít, epidót og prehnít. Aðrar steindir sem tengdar eru háhitaummyndun eru kalsít, kvars og pýrit.

Einnig er hugsanlegt að mordenít hafi myndast í tengslum við háhita.

Aðrar ummyndunardeindir sem sýndar eru á mynd 10 eru taldar hafa myndast við lághitaummyndun og gætu þær í stórum dráttum verið í jafnvægi við það hitaástand sem nú er í jarðhitakerfinu í nágrenni holunnar. Hitaferill holunnar (mynd 13) og tilvist laumontíts á 850 m dýpi bendir til þess að svo geti verið, en þær er hitinn líklega á milli 106°C og 110°C. Um nákvæmt hitastig á þessu dýpi er erfitt að fullyrða þær sem millirennslí er milli æða í holunni.

Tenging á zeólítabeltunum í holu RV-41 við holur RV-36 og RV-37 er sýnd á mynd 11. Myndin sýnir að stilbít/heulandítbeltið liggur dýpra í holum RV-37 og RV-36, sem bendir til þess að þær séu kaldari en hola RV-41. Er þetta í samræmi við þá hugmynd að hola RV-41 sé nærrri uppstreymi í jarðhitakerfinu. Ennfremur hefur verið bent á hvað mesólít/skólesít og stilbít ná langt niður eftir holu RV-37 (Ómar Bjarki Smárason o.fl., 1985a). Þetta getur bent til nálægðar við misgengi eða sprungur (mynd 19), og er m.a. notað hér að framan til að rökstyðja tilvist A-V sprungu í gegnum svæðið við holu RV-37.



MYND 11 Lega ummyndunarbelta á Elliðaársvæði


## 5. JARDHITAKERFIÐ VIÐ ELLIÐAÁR

Heitasti hluti jarðhitasvæðisins við Elliðaár er sýndur á mynd 19. Þetta virðist jafnframt vera vatnsgæfasti hluti þess. Holur, sem boraðar hafa verið utan þessa svæðis hafa yfirleitt bæði verið tregari og kaldari (sbr. holur RV-25, RV-27, RV-28 og RV-36). Sumar þeirra (RV-25, RV-36) eru heldur ekki í beinum vatnafræðilegum tengslum við heitari holurnar inni á svæðinu.

Holurnar í heitasta hluta svæðisins hafa verið taldar skera þjú vatnskerfi, A, B og C (Jens Tómasson og Þorsteinn Thorsteinson, 1983). Efsta kerfið (A) er ofan 500 m dýpis og er hitastig þess 40-90°C. Þar fyrir neðan (500-1000 m dýpi) er heitasta vatnskerfið (B) 100-110°C. Neðsta vatnskerfið (C) er neðan 1000 m dýpis og er hitastig þess 70-90°C. Í greinargerðinni, sem vitnað er til hér að ofan, er leitt að því getum að uppstreymi í vatnskerfi B sé norðan við núverandi vinnslusvæði og að vatnið streymí þaðan eftir láréttum leiðurum til suðurs og myndi þannig 90-110°C heita vatnstungu á 500-1000 m dýpi.

Einn megin tilgangur með borun holu RV-41 var að kanna hita og vinnslueiginleika jarðhitakerfisins í grennd við uppstreymi 100-110°C heits vatns í vatnskerfi B. Þau gögn sem nú liggja fyrir benda til þess að vatnsfræðilegt samband milli vatnsæða í holu RV-41 og núverandi vinnsluhola á heitasta hluta svæðisins sé gott, en þó eitthvað mismunandi eftir dýpi og holum. Vatnsvinnsla úr holu RV-41 hefði því áhrif á vinnslugetu holanna sunnan ár. Hversu mikil þau áhrif eru á eftir að kanna með dæluprófun og vatnsborðsmælingum í öðrum holum. Prýstiprófanir við borlok og stöðvun og gangsetning dæla í vinnsluholunum gefa þó nokkra vísbendingu um hversu gott samband holu RV-41 er við nálægar holur (sjá kafla 5.3).


Hitamælingar í holunni (mynd 13) benda til þess að berghiti í 400 m sé um eða yfir



MYND 12 Hitamæling 84.06.15, 26 dögum eftir að borun lauk

100°C og að í vatnsæð á 440 m sé vatnið 102°C heitt. Bergið ofan við og á móts við vatnsæðina er bólstraberg og basaltbreksía sem tilheyrir efsta hluta "basaltsyrpu" B-3.

Hitaferill holu RV-41 er viðsnúinn (myndir 13 og 14). Hitinn er nokkuð jafn 102-106°C úr 440 m í 1380 m dýpi. Hæstur er hann við æðarnar í 850 m, 890 m og 1380 m, um eða yfir 106°C. Neðan við 1380 m dýpi kólnar holan í um 95-100°C (sjá kafla 5.2). Þetta gefur til kynna að vatnskerfi B (100-110°C) nái úr 440 m í 1380 m dýpi og jafnvæl neðar. Það er mun lengra bil en það hefur fundist á í öðrum holum á svæðinu. Þetta styður það að holan sé í námunda við uppstreymið í vatnskerfi B. Til að fá úr því skorið þarf að hreinsa holuna niður fyrir vatnsæðina í 1550 m dýpi, dæla úr henni og hitamæla.



MYND 13 Hitamæling 84.10.18, 155 dögum eftir að borun lauk

MYND 14 Hitamæling 86.09.16, 849 dögum eftir að borun lauk

## 5.1 Vatnsæðar

Vatnsæðar holunnar eru sýndar til hliðar við jarðlagasniðin í Viðauka A og á mynd 6. Gerður er greinarmunur á vísum að vatnsæðum (einföld ör) og vatnsgæfum æðum (tvöföld ör). Vísbending fæst um allmargar vatnsæðar í hitamælingum meðan holan er kæld, sem stafar af því að kalt skolvatn fer út í tregleidandi sprungur í bergen. Vatnsgæfar æðar eru hinsvegar aðeins fjórar, á 440 m, 850 m, 890 m og 1380 m dýpi (tafla 4). Holan sker eina æð til viðbótar á 1550 m dýpi en hún er nú lokað af hruntöppum og botnfalli (mynd 2). Heildarskoltap í holunni nam um 14 l/s, þar af um 3,5 l/s í þeim hluta holunnar sem lokaður er af hruni. Vatnsæðin í 1380 m er ekki með í þessari tölu, þar sem hún opnaðist ekki fyrr en í þrýstiprófun. Hún tók við mestu vatni í dælingum niður fyrir pakkara á 954 m dýpi

(Ómar Bjarki Smárason o.fl. 1984b).

## 5.2 Hiti

Eins og fyrr segir hefur holan verið hitamæld þrisvar síðan þrýstiprófunum lauk (myndir 12-14). Ekki er ljóst hvort holan hafði náð hitajafnvægi þegar önnur mælingin var gerð, en samkvæmt síðustu mælingunni er líklegt að ekki hafi vantað mikil upp á. Bergið hitnar hratt með dýpi niður í 440 m dýpi en virðist vera nokkuð jafnheitt niður í 1370 m dýpi, sennilega vegna millirennslis. Hitamælingin frá 16. september 1986 (mynd 14) bendir til þess að það renni upp úr æðinni á 1380 m til efri æða. Heitust er holan á milli 850 m og 890 m ( $106^{\circ}\text{C}$ ) en kólnar lítillega niður á við. Hitaferillinn virðist vera viðsnúinn þ.e. holan kólnar í botninn.

*TAFLA 4 Helstu vatnsæðar í holu RV-41 eftir þrýstiprófun*

Dýpi (m)	Stærð	Athugasemdir
440		Kemur mjög skýrt fram í hitamælingum eftir dælingu ofan á pakkara í 954 m
840-850		Koma fram í flestum hitamælingum
883-892		Koma fram í hitamælingum 20. maí (mynd 17)
1380	stærst	Opnaðist í fyrstu dælingu niður fyrir pakkara í 954 m. Kemur fram í hitamælingu 84.05.20

Í borun var gerð ein upphitunarmæling í 650 m dýpi (Ómar Bjarki Smárason o.fl., 1984c). Tvö gildi fengust þar fyrir jafnvægishitann. Þessi mæling var því endurtúlkud með nýju forriti (Ragnar Sigurðsson, pers. uppl.) og fékkst þá einhlít lausn ( $105 \pm 3^{\circ}\text{C}$ ) sem er í góðu samræmi við hitamælinguna á mynd 13.


### 5.3 Samband við aðrar holur

Hola RV-41 er í nánum vatnafræðilegum tengslum við núverandi vinnslusvæði, eins og fram kemur í skýrslu um borun hennar (Ómar Bjarki Smárason o.fl., 1984b). Tengslin komu fram strax í borun sem vatnsborðsbreytingar í mælingaholum er skoltapa varð vart í holu RV-41, og sérstaklega vegna ádælinga í mismunandi dýptarbil RV-41 ofan og neðan við pakkara. Breytileg vinnsla á Elliðaárvæðinu kemur síðan skýrt fram á vatnsborði holu RV-41, en það var skráð með sírita eftir að borverki lauk 20. maí 1984 (mynd 15).

Vatnsborð var mælt með síritum og stökum mælingum í fjórum holum (RV-23, RV-27, RV-28 og RV-39) á Elliðaárvæðinu og í holu RV-32 við Höfðabakka, meðan á borverki við holu RV-41 stóð. Áhrif vegna 3 l/s skoltaps í 850 m og 2 l/s skoltaps í 890 m voru 0,5 m hækkun vatnsborðs í holu RV-27 en 0,1 m í holu RV-39. Áhrif frá örvunaraðgerðum voru mismunandi eftir því á hvaða dýptarbil dælt var í og eftir staðsetningu mælingarholanna. Þau urðu mest í holu

RV-23 (12,5 m) og í holu RV-32 (1,3 m). Í holum RV-23 og RV-27 voru áhrifin meiri vegna dælinga ofan við pakkara í 954 m dýpi (á æðarnar í 440 m, 850 m og 890 m) en neðan hans. Í holum RV-28 og RV-39 var þessu hins vegar öfugt farið, en þar urðu áhrifin meiri vegna dælinga niður fyrir pakkara á 954 m (á æðarnar í 1305 m og 1380 m). Í holu RV-32 komu marktæk áhrif eingöngu fram vegna dælinga ofan við 768 m, en þegar dælt var undir pakkara í því dýpi kom ekki fram nein breyting í holu RV-32.

Áhrif vatnsvinnslu á Elliðaárvæðinu á vatnsborð hola RV-41 og RV-39 eru sýnd á mynd 15. Mælingar í holu RV-41 eru frá því að borun lauk 20 maí 1984 og þar til í mars 1985, en í holu RV-39 frá maí 1984 fram til 20. nóvember 1984, en þá var gerð dæluprófun í henni (Þorsteinn Thorsteinsson, 1984). Báðar holurnar eru í beinum tengslum við vinnslusvæðið og sveiflur í vatnsborði þeirra vegna vinnslu á svæðinu því að miklu leyti þær sömu. Vatnsborð þeirra hækkar t.d. um 97-98 m á 10 dögum eftir 21. maí 1984, en þá var vinnsla á svæðinu stöðvuð vegna breytinga í dælustöð við Stekkjarbakka. Vatnsborð holu RV-41, miðað við sjávarmál, er þó 3-13 m lægra fram til 11. júlí (vegna kælingar í borun), en er orðið 9 m hærra 1. október og 13 m hærra 15. nóvember 1984. Vatnsborð holanna verður jafn hátt, eða 15 m u.s. þann 20. nóv. 1984, áður en dæluprófun hefst í holu RV-39. Vatnsborð holu RV-41 verður lægst



MYND 15 Vatnsborð holu RV-41 og RV-39, maí 1984 - mars 1985

81 m u.s. 22. febrúar 1985, en fer hækkandi eftir að dæla holu RV-39 var stöðvuð. Í byrjun mars 1985, er vatnsborð í 69 m u.s. í holu RV-41, en er þá 10 m neðar (79 m u.s.) í holu RV-39.


Hækkun á vatnsborði í holu RV-41 eftir 11. júlí 1984 er væntanlega vegna upphitunar í holunni, en umhverfi hennar var kælt í borun. Einnig verður hlutfallsleg hækkun á vatnsborði í holu RV-41 vegna þess að áhrifa frá vinnslu í holum RV-29 og RV-31 gætir meira í holu RV-39. Breytileg vinnsla í RV-23 hefur hins vegar svipuð áhrif í báðum holunum.

#### 5.4 Vatnsleiðni milli hola


Í töflu 5 er skrá yfir vatnsleiðni og vatnsrýmd sem ákvörðuð hefur verið milli vinnsluholanna RV-23, RV-29 og RV-31 annars vegar og mælingaholanna RV-39 og RV-41 hins vegar svo og milli RV-41 og

RV-39 eftir virkjun þeirrar síðarnefndu. Notaðir voru vatnsborðsferlar í RV-39 og RV-41 frá stöðvun og gangsetningu dæla í vinnsluholunum, en til túlkunar ferlanna var lagt til grundvallar líkan af viðáttumiklum lokaðum vatnsleiðara (Theis). Til samanburðar eru einnig skráð vatnsleiðnigildi sem ákvörðuð voru út frá ádælingum og loftdælingum í RV-41 við lok borverks.


Vatnsborðsferlar mælingaholanna fylgja þó ekki reiknuðum ferli líkansins nema stutta stund, 10-20 klst, en verða síðan brattari enmátferill líkansins segir til um og mynda þá gjarnan beina línu á log-log línuriti (myndir 16-18). Frávik frá mätferlinum hafa oft verið túkuð sem áhrif 16ðréttar afmarkana kerfisins, en þau hafa áður komið fram í viðbrögðum vatnsborðs mælingahola (RV-24, RV-25) við vinnslu og ádælingu í mismunandi dýptarbil á svæðinu.



MYND 16 Hækkun vatnsborðs 13. - 19. ágúst 1984



MYND 17 Lækkun vatnsborðs 11. - 14. desember 1984



MYND 18 Hækken vatnsborðs 16. - 19. júlí 1984

TAFLA 5 Vatnsleiðni - áhrif milli hola

Dags.	Mæli-hola	Vinnslu-hola	Fjarlægð milli hola (m)	Vatns-leiðni, T m <sup>2</sup> /sx10 <sup>-3</sup>	Vatns-rýmd, S x10 <sup>-5</sup>
84.07.16-07.20	RV-41	RV-29	419,0	1,70	7,92
84.12.11-12.13	RV-41	RV-39	429,9	1,56	10,50
	RV-41	RV-31	490,5	2,54	10,70
84.08.13-08.19	RV-41	RV-23	271,4	2,48	3,40
84.08.13-08.19	RV-39	RV-23	161,9	2,56	10,60
84.07.16-07.20	RV-39	RV-29	61,4	1,53	2,02
84.05.18 RV-41*	RV-41			1,69	
84.05.18 RV-41**	RV-41			0,41	
84.05.20 RV-41***	RV-41			0,93	

\* Dæling á dýptarbil: 954 - 1605 m

\*\* Dæling á dýptarbil: 437 - 954 m

\*\*\* Dæling á dýptarbil: 437 - 1605 m

Röðun mæligildanna á beina línu á log-log ferlunum er hins vegar vísbending um að rennslí að svæðinu sé um sprungu eða sprungukerfi. Vatnsleiðnigildin sem reiknuð eru í töflu 5 endurspeglar því einungis leiðni milli einstakra hola eða vatnsæðanna sem eru sameiginlegar fyrir holurnar. Hærri leiðnigildi í mælingaholunum vegna áhrifa frá RV-23 en frá RV-29 og RV-39 gætu bent til þess að RV-23 væri í betri tengslum við aðrennsliskerfið. Vatnsleiðni virðist vera svipuð milli hola RV-39 og RV-41 annars vegar og vinnsluholannan hins vegar. Vegna fjarlægðar frá vinnslusvæðinu yrði þó vatnsvinnsla úr RV-41, í því ástandi sem hún er í nú, fvið hagstæðari en vinnsla úr RV-39.

## 5.5 Jarðfræðilíkan af Elliðaárvæðinu

Þau gögn sem til eru um jarðfræði borhola á Elliðaárvæðinu eru dregin saman á myndum 19 og 20. Á mynd 19 er staðsetning holanna sýnd, og líkleg lega helstu misgengja og sprungna sem haft gætu áhrif á jarðhitakerfið. Mynd 20 gefur auk þess hugmynd um legu jarðlaga í jarðhitakerfinu.

Uppstreymi í jarðhitakerfið stjórnast líkast til af misgengi með NA-SV stefnu. Reiknilíkan af svæðinu bendir til að þarna sé vatnsþétt þil (Jens Tómasson o.fl. 1977, mynd 6.5.1). Þetta er líklega gangur. Óvist er með halla hans, en líklegast hallar honum um eða innan við 5° frá lóðlinu. Fjórar holur hafa verið boraðar í nágrenni við (innan við 100 m frá því) vatnsþéttu þilið, þ.e. RV-25, RV-26, RV-28 og RV-41.

Hitaferill holu RV-25 er mjög ólíkur hitaferlum annarra hola á Elliðaárvæðinu, og ekki viðsnúinn eins og í holunum inni á vinnslusvæðinu. Hitinn á 1500 m dýpi er 100°C og 102°C á 1645 m (Jens Tómasson o.fl. 1977), sem er hæstur hiti sem mælst hefur á þessu dýpi í svæðinu. Þetta gæti bent til þess að holan nálgist uppstreymi 110°C heits vatns. Til að fá betri hugmynd um legu uppstreymisrásarinnar væri æskilegt að mæla halla og stefnu holunnar.

Hola RV-26 sker 110°C heita að á 760-800 m dýpi. Þar varð 50 l/s aukning í skoli. Spurning er hvort holan sker uppstreymisrásina, en líklegra þykir að hún hafi skorið A-V misgengið sem sýnt er á mynd 19. Það gæti leitt vatn frá uppstreyminu til austurs.

Hola RV-28 er í nágrenni við vatnsþéttu þilið (mynd 19). Hún er kaldasta og vatnsæðasnauðasta holan á svæðinu. Ummyndun jarðlaga holunnar er enn fremur lítil ofan við 800 m dýpi í samanburði við aðrar holur á svæðinu (Jens Tómasson o.fl. 1977). Spurning er hvort þarna gæti niðurstreymis á til-tölulega köldu vatni, eða hvort holan er í út-jaðri jarðhitavæðisins. Vatnsæð var skorin við gang á 1360 m dýpi, en hún hefur ekki náð að hitna upp fyrir 72°C eftir að borun lauk.


Hola RV-41 er staðsett um 60 m austan við vatnsþéttu þilið eins og það er sýnt á mynd 19. Hún er í námunda við 100-110°C heitt vatnskerfi á 440-1380 m dýpi, en ekki er ljóst hvort hún sker uppstreymisrásina, þó telja verði það líklegt samkvæmt síðustu hitamælingu (mynd 14).

A-V misgengið sem sýnt er á mynd 19 gengur frá holu RV-25 og í stefnu rétt sunnan við holu RV-27. Rökin sem liggja að baki því að þarna sé misgengi eru:


- i Hár hiti í holum RV-25 og RV-27 við upphaf vinnslu, en síðan kólnun vegna innstreymis á köldu vatni inn í jarðhitakerfið. Hér er gert ráð fyrir að A-V sprungan leiði heitt vatn frá uppstreymisrásinni vestan við holur RV-28 og RV-41 en kalt vatn streymi inn í kerfið um sömu sprungu vegna þrýstilækkunar sem verður af vatnsvinnslunni (sbr. Jens Tómasson og Þorsteinn Thorsteinsson, 1983).
- ii Tenging jarðlaga milli holu RV-41 og annara hola sunnar á svæðinu bendir til A-V misgengis með falli að norðanverðu.
- iii Í dælingum ofan á pakkara á 954 m dýpi í holu RV-41 kom fram betra sam-

band milli efri hluta hola RV-23 og RV-27, sem liggja norðan misgengisins, en hola RV-28 og RV-39 sem eru sunnan þess. Í dælingu undir pakkara var þessu hins vegar öfugt farið. Þetta getur bent til lárédds rennslis ofan 1000 m er dælt er á efri hluta holunnar, en sprunguleiðni neðan 1000 m um æðina í 1380 m er dælt var undir pakkarnum á 954 m (sjá kafla 5.2).

iv Erfiðleikar í borun hola (RV-23, RV-26, RV-27 og RV-37) sem liggja næst þessu hugsaða misgengi ásamt stilbít sprungufyllingum langt niður eftir holu RV-37 benda til að þarna sé sprungubelti (Ómar Bjarki Smárason o.fl. 1985a). Jafnframt nær laumontít hæst í holu RV-37.



MYND 19 Jarðhitasvæðið við Elliðaár



MYND 20 Jarðfræðilikan af Elliðaárvæðinu

## 6. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Hola RV-41 var boruð til að kanna útbreiðslu og gerð jarðhitakerfisins við Elliðaár. Hún sker sömu jarðög og finnast í vinnsluholunum sunnar á svæðinu og er ekki að sjá annað en að jarðögum halli um 5° til SA. Lítið virðist um misgengi í jarðlagastaflanum en þó er hugsanlega 30-50 m misgengi við gang milli hola RV-25 og RV-28, sem stefnir rétt vestan við holu RV-41. Talið er að 100-110°C heitt vatn streymi upp með þessari sprungu (gangi). Ekki er lokað fyrir það skotið, að smærri misgengi (~ 10-20 m) og sprungur skeri jarðlagastaflann. Líklegt er að ein slík misgengissprunga liggi nálægt holu RV-25 og stefni A-V rétt sunnan holu RV-27. Nokkrar af vatnsgæfustu holunum á svæðinu eru í nágrenni við þessa sprungu. Ólíklegt er að uppstremi sé um þessa sprungu, en sennilega leiðir hún vatn frá uppstremirsásinni um jarðhitakerfið. Kaldara vatn gæti átt greiða leið inn í jarðhitageyminn um þessa sprungu þegar þrýstingur í kerfinu lækkar (sjá Jens Tómasson og Þorsteinn Thorsteinsson, 1983).

Af hitamælingum úr holunni er ljóst að hún er ein af heitustu holunum á Elliðaárvæðinu. Hitinn í henni er 102-107°C úr 440 m í 1380 m dýpi og er hún heitust á 850-890 m og 1380 m dýpi. Hitaferill hennar er lítillega viðsnúinn samkvæmt síðustu hitamælingum (myndir 13 og 14). Neðan við æðina í 1380 m dýpi kólnar í tæpar 100°C. Mælingarnar benda til þess að holan sé í námunda við uppstremi yfir 100°C heits vatns á dýptarbilinu 400-1380 m, og líklegt er að hún skeri það um eða neðan við 1380 m. Stærstu vatnsæðar RV-41 eru á 440 m, 850 m, 890 m og 1380 m dýpi, auk æðar á 1550 m dýpi, sem lokað er af botnfalli.

Holan er í góðum vatnsfræðilegum tengslum við vinnsluholurnar sunnar á svæðinu, og einnig eru æðar ofan 768 m í vatnsfræðilegu sambandi við holu RV-32 við Höfðabakka. Athyglisvert er, að æðar ofan við 954 m í holu RV-41 eru í betri tengslum við holur RV-23 og RV-27 en neðri æðarnar. Í

holum RV-28 og RV-29 er þessu hins vegar öfgut farið, þar sem sambandið er betra við neðri hluta holu RV-41. Skyringar á þessu er hugsanlega að leita í tveimur sprungum, og liggar önnur vestan við holar RV-28 og RV-41, en hin hjá holum RV-25 og RV-27. Fyr nefnda sprungan gaeti verið völd að uppstremi 100-110°C heits vatns inn í jarðhitakerfið, en hin gæti veitt vatni um jarðhitasvæðið til austurs.

Vinnslugeta holunnar í því ástandi, sem hún var í við lok borverks, var áætluð 14-15 l/s. Gögn um vatnsfræðileg tengsl hennar við aðrar holar á Elliðaárvæði benda þó til þess að vinnsla úr henni við núverandi aðstæður yrði að mestu á kostnað annara vinnsluhola svæðisins. Hins vegar gefur iðurstreymisstuðull, áætlaður við dælingu niður fyrir pakkara í 954 m dýpi (<0,05 m/(l/s)) tilefni til að ætla að unnt sé að tvöfalta ofangreinda vinnslugetu (Ómar Bjarki Smárason o.fl 1984b). Ekki er unnt af þeim gögnum sem nú liggja fyrir að segja til um hver áhrif vinnsla úr holu RV-41 hefði á núverandi vinnslu á svæðinu. Til þess að svara því er nauðsynlegt að dæluprófa holuna. Hins vegar virðist sem vinnsla úr holu RV-41 hefði minni áhrif á niðurdrátt í svæðinu, en vinnsla úr holu RV-39.

Ummyndun á jarðögum holunnar er svipuð og í heitari holunum á svæðinu og lághitasteindirnar eru í stórum dráttum í jafnvægi við það hitaástand sem ríkir umhverfis holuna. Lághitasteindunum er skipt í þrjú afmörkuð zeólíabelti, þar sem zeólítar og smektít eru ríkjandi. Þau eru: 1) Kabasítbelti, 75-375 m, 2) stilbít/heulantítbelti, 375-850 m og 3) laumontítbelti (> 105°C). Háhitaummyndun er áberandi neðan við 1050 m dýpi og þar ber mikið á klóríti og epidóti auk laumontíts, kalsíts og kvarts.

Helstu niðurstöður mælinga á jarðögum holunnar eru þær, að ofan við 1050 m eru lögin fremur porótt og viðnám þeirra lágt. Neðan við 1050 m eru lögin hins vegar fremur þétt og viðnám þeirra hátt. Þetta bendir til þess að lítið vatn sé í bergeninu

sjálfu og vatnsæðar því bundnar við tiltölu-  
lega þróngar sprungur í því. Ofan þessara  
marka gætu hins vegar farið saman lárétt  
leiðni og sprunguleiðni.

## 7. NIÐURLAG

Eftir að borun í 1605 m lauk var um 100 m  
botnfall í holunni. Ennfremur mynduðust í  
henni nokkrir hruntappar í örjunaraðgerð-  
um og þrýstiprófunum í lok borunar  
(mynd 2). Peir voru boraðir út niður á  
1416 m dýpi. Holan er tæplega í vinnsluhæf-  
u ástandi eins og hún er þegar þetta er  
ritað 1988. Til að gera hana vinnsluhæfa  
þarf að öllum líkindum að hreinsa hana og  
setja í hana lausan leiðara. Með hvaða  
hætti það yrði best gert verður ekki farið út  
í hér, en komi til þess er vert að athuga  
hvort ekki er mögulegt að bora holuna niður  
í allt að 2000 m dýpi. Með því yrði vatns-  
vinnsla úr henni væntanlega tryggari þar  
sem vatnsæð sem er í 1550 m dýpi kæmi  
inn, en auk þess fengist vitneskja um hitaá-  
stand í jarðhitakerfinu neðan við 1400 m  
dýpi með tilliti til uppstreymis í heitasta  
hluta ( $100\text{-}110^{\circ}\text{C}$ ) vatnskerfisins á svæðinu.  
Í þessu sambandi er ennfremur rétt að geta  
um ísúra hraunlagasyrpu, sem finnst á um  
1800-2000 m dýpi í holum RV-36, RV-37 og  
RV-39. Í tveim fyr nefndu holunum koma  
fyrir vatnsæðar í tengslum við ísúru lögin.  
Búast má við að skera ísúru lögin á 1800-  
1900 m dýpi í holu RV-41. Áður en farið  
verður út í frekari aðgerðir við holuna er  
hins vegar sjálfsagt að gera á henni dælu-  
prófun og þá helst meðan vatnsborðstaða á  
svæðinu er há. Markmið með þessu væri að  
gera tilraun til að opna æðrar og kanna  
vinnslugetu holunnar í núverandi ástandi.  
Framhald á aðgerðum við holuna þyrftu síð-  
an að skoðast í ljósi þess hvað út úr dælu-  
prófun kemur.

## HEIMILDIR

Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson og Guðlaugur Hermannsson 1985: *REYKJAVÍK HOLA RV-34. Borun og borholurannsóknir.* OS-85095/JHD-52 B, 124 bls.

Benedikt Steingrímsson 1987: *Nesjavallatíindi.* OSSI, 235.

Guðmundur Ómar Friðleifsson, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson og Guðlaugur Hermannsson 1985a: *REYKJAVÍK, HOLA RV-40. Borholurannsóknir og tengsl holunnar við aðra hluta Laugarnessvæðisins.* (Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur), 83 bls.

Guðmundur Ómar Friðleifsson, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Gísli Guðmundsson og Guðlaugur Hermannsson 1985b: *REYKJAVÍK, HOLA RV-34. Borun og borholurannsóknir.* OS-85106/JHD-61 B, 90 bls.

Helga Tulinius, Ómar Bjarki Smárasón, Jens Tómasson, Gísli Guðmundsson, Sigurður Benediktsson, Héðinn Ágústsson 1984: *REYKJAVÍK, HOLA RV-41. Borun fyrir 13 3/8" fóðringu í 437 m.* OS-84058/JHD-18 B (Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur), 19 bls.

Hrefna Kristmannsdóttir 1975: *Hydrothermal alteration of Basaltic rocks in Icelandic geothermal areas.* Proceedings, Second UN. Symposium on the development and use of Geothermal Resources, San Francisco, 441-445.

Hrefna Kristmannsdóttir 1979: *Alteration of basaltic rocks by hydrothermal activity at 100-300 degrees C.* International Clay Conference 1978, ed. M.M. Mortland and V.C. Farmer, pp 359-367. Elsevier.

Hrefna Kristmannsdóttir and Jens Tómasson 1976: Hydrothermal alteration in Icelandic geothermal fields. *Soc. Sci. Isl.* 5, 171-180.

Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Hrefna Kristmannsdóttir og Ingvar Birgir Friðleifsson 1977: *HÖFUÐBORGAR-SVÆÐI - Jarðhitarannsóknir 1965-1973.*

OSJHD 7703 (Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur), 109 bls.

Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson og Ómar Bjarki Smárasón 1982: *Greinargerð yfir borun holu G-37 (RV-37)* á Elliðaársvæði. Greinargerð JT/PTh/ÓBS-82-03.

Liou, J.G. 1971: Stilbite - laumontite equilibrium. *Contr. Mineral. Petrol.* 31, 171-177.

Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Guðlaugur Hermannsson, Héðinn Ágústsson og Sigurður Benediktsson 1984a: *REYKJAVÍK, HOLA RV-39. Borun fyrir 13 3/8" fóðringu.* OS-84036/JHD-11 B. (Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur), 83 bls.

Ómar Bjarki Smárasón, Jens Tómasson, Gísli Guðmundsson, Helga Tulinius og Þorsteinn Thorsteinsson 1984b: *REYKJAVÍK, HOLA RV-41. Borun vinnsluhluta úr 437 í 1605 m.* OS-84088/JHD-39 B.

Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Guðlaugur Hermannsson og Héðinn Ágústsson 1984c: *REYKJAVÍK - HOLA RV-39. Borun vinnsluhluta frá 495 m í 2100 m.* OS-84109/JHD-47 B. (Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur), 82 bls.

Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Guðlaugur Hermannsson, Gísli Guðmundsson og Héðinn Ágústson 1985a: *REYKJAVÍK HOLA RV-37. Borun og rannsóknir.* OS-85109/JHD-63 B.

Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Guðlaugur Hermannsson og Héðinn Ágústson 1985b: *REYKJAVÍK HOLA LRV-36. Borun og rannsóknir.* OS-85113/JHD-66 B.

Valgarður Stefánsson, Ásgrímur Guðmundsson and R. Emmerman 1982: Gamma ray logging in Icelandic rocks. *The Log Analyst,* XXIII, No 4: 11-16.

Þorsteinn Thorsteinsson 1984: *Dæluprófun í Holu RG-39 í nóv. 1984.* OS-JHD Greinargerð PTh-84/05, 11 bls.



**VIÐAUKI A**


Jarðlagasnið og mælingar úr holu RV-41



JHD-BM/BJ-1111-HTu1/OBS  
85.02.0253 GuH/T

REYKJAVÍK HOLA RV-41


JARDLAGASNIÐ OG MÆLINGAR



JHD-BM/BJ-1111-HTu1/OBS  
85.02.0253 GuH/T

REYKJAVIK HOLA RV-41


JARLAGASNIÐ OG MÆLINGAR



JHD-BM/BJ-1111-HTU1/OBS  
85.02.0253 GuH/T


REYKJAVIK HOLA RV-41

JARÐLAGAŠNIÐ OG MÆLINGAR



JHD-BM/BJ-1111-HTu1/OBS  
85.02.0253 GuH/T


REYKJAVIK HOLA RV-41  
JARDLAGASNIÐ OG MÆLINGAR



JHD-BM/BJ-1111-HTu1/OBS  
85.02.0253 GuH/T

REYKJAVÍK HÖLLA RV-4<sup>1</sup>


JARDLAGASNÍD OG MÆLINGAR



JHD-BM/BJ-1111-HTu1/0BS  
85.02.0253 GuH/T

REYKJAVÍK HOLA RV-41


JARÐLAGASNIÐ OG MÆLINGAR



JHD-BM/BJ-1111-HTu1/OBS  
85.02.0253 GuH/T

REYKJAVÍK HOLA RV-41


JARÐLAGASNIÐ OG MÆLINGAR



JHD-BM/BJ-1111-HTu1/OBS  
85.02.0253 GuH/T

## REYKJAVÍK HOLA RV-41

### JARÐLAGASNIÐ OG MÆLINGAR




**VIÐAUKI B**

Víddarmæling úr holu RV-41


JHD-BM/BJ-1111 HTU1/OBS  
84.09.1168 GuH/T

REYKJAVÍK HOLA RV-41  
JARDLAGASNIÐ OG VÍDDARMÆLINGAR 1984.06.16 OG 1984.05.15




JHD-BM/BJ-1111 HTu1/OBS  
84.09.1168 GuH/T

REYKJAVÍK HÓLA RV-41  
JARÐLAGASNIÐ OG VÍDDARMELINGAR 1984.06.16 OG 1984.05.15



JHD-BM/BJ-1111 HTu1/OBS  
84.09.1168 GuH/T

REYKJAVÍK HOLA RV-41  
JARDLAGASNID OG VIDDARMÆLINGAR 1984.06.16 OG 1984.05.15



**VIÐAUKI C**

Mælingar í holu RV-41



Mælingar í holu RV-41

Dags	Tegund mælinga	Dýptarbil (m)	Athugasemdir
84.04.10	Hiti + dt + CCL	436	Upphitun, æðar
84.04.10	Vídd	436	Skápar
84.04.10	NN, gamma	436	Jarðlög
84.04.10	Viðnám 16" og 64"	436	Jarðlög
84.04.12	Hiti + dT + CCL	424	
84.04.13	Vídd	424	Fóðurrörsskemmdir
84.04.13	Myndataka	424	Vandræðagripur
84.04.14	"	424	"
84.04.14	"	424	"
84.04.18	Hiti + dT + CCL	650	Upphitun, mælt niður
84.04.18-19	Upphitun	650	Mælir lá á 650 m dýpi mælt á ca 1/2 mín fresti
84.04.19	Hiti + dT + CCL	650	Upphitun, mælt upp
84.04.25	Vídd	835	Skápar
84.04.25	Hiti + dT + CCL	842	Æðar
84.04.27	Lóðun	800	Eftir steypingu 3
84.04.27	"	476	Eftir steypingu 4
84.05.04	Vídd	1155	Skápar v. hruns
84.05.06	Hiti + dT + CCL	1188	Upphitun eftir frí
84.05.07	Lóðun	994	Eftir steypingu 7
84.05.08	Vídd	1188	Skápar
84.05.12	Hiti + dT + CCL	1502	Upphitun, æðar
84.05.12	Vídd	1502	Skápar
84.05.15	NN-gamma	1508	Jarðlög
84.05.15	Viðnám 16" og 64"	1507	Jarðlög
84.05.15	Vídd	1503	Skápar
84.05.15	Hiti + dT + CCL	1505	Upphitun, æðar
84.05.15	Hiti + dT + CCL	1507	Æðar, upphitun eftir loftdælingu
84.05.17	Hiti + dT + CCL	1402	Æðar, upphitun eftir loftdælingu
84.05.18	Hiti + dT + CCL	1244	Æðar, upphitun eftir pökkun í 954 m
84.05.20	Hiti + dT + CCL	1412	Æðar (lóðun áður en brotið var út)
84.06.15	Hiti	1400	Upphitun
84.06.15	Vídd	1410	Ath. áhrif þrýstiprófana
84.10.18	Hiti	1410	Upphitun
86.09.16	Hiti	1410	Upphitun



**VIÐAUKI D**

Mælingar úr holum RV-29, RV-36, RV-37, RV-39  
og RV-41 á Elliðaárvæði

Mælingar úr holum RV-29, RV-36, RV-37, RV-39 og RV-41 á Elliðaárvæði

Hola	Hvað mælt	Dags.	Dýpi	Ath.
RV-29	Vídd	82.03.08	100-1060	Gamma mælir bilaði í 500 m
	Viðnám(16",64")	82.03.08	100-1060	
	Nifteindir + gamma	82.03.08	100-1060/500	
RV-36	Vídd	80.04.30	250-2190	Mælt í fóðurröri niður í 680 m
	Viðnám(16",64")	80.05.12	290-2200	
	Nifteindir + gamma	80.09.13	50-2210	
RV-37	Vídd	81.05.16	680-2070	Mælt í fóðurröri niður í 680 m
	Viðnám(16",64")	81.05.16	680-1410	
	Nifteindir + gamma	81.04.28	0-2070	
RV-39	Vídd	*	10-2080	64" viðnám tókst ekki í seinni mælingu
	Viðnám(16",64")	*	30-2090/400	
	Nifteindir + gamma	*	30-2090	
RV-41	Hiti	84.06.15	0-1400	
	Vídd	84.06.15	0-1410	
	Hiti	84.10.18	0-1410	
	Hiti	86.09.16	0-1410	

\* Mælt 8-9.12.1983 og 29.01.1984  
Sjá Ómar Bjarki Smárason o.fl 1984a og 1984b.


**VIÐAUKI E**

Einfaldað jarðlagasnið og mælingar í holum

RV-29, RV-36, RV-37 og RV-39


JHD-BM/BJ-1111  
85.02.252 GuH/T

REYKJAVÍK HOLA RV-29  
EINFALDAD JARÐLAGASNIÐ OG MÆLINGAR




JHD-BM/BJ-HTu1/OBS  
85.02.251 GuH/T

REYKJAVIK · HOLA RV-36  
EINFALDAD JARDLAGASNID OG MÆLINGAR



JHD-BM/BJ-HTu1/OBS  
85.02.250 GuH/T

REYKJAVIK HOLA RV-37  
EINFALDAÐ JARDLAGASNIÐ OG MÆLINGAR



JHD-BM/BJ-HTu1/OBS  
85.02. 249 GuH/T

REYKJAVÍK HOLA RV-39  
EINFALDAÐ JARÐLAGASNIÐ OG MÆLINGAR

